

Nefndasvið Alþingis
b. t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. febrúar 2024
Málsnúmer: 202402-0018
SS

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (stærðarviðmið virkjana).

Vísað er í tölvubréf frá Nefndasviði Alþingis, dags. 5. febrúar 2024, þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um 26. mál 154. löggjafarþings 2023-2024 sem er frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (stærðarviðmið virkjana).

Í frumvarpinu er lögð til breyting á stærðarviðmiðum virkjana sem falla undir gildissvið laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Einnig er lögð til breyting á stærðarviðmiðum virkjana sem teljast háðar umhverfismati í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Lagt er til að stærðarviðmið verði lækkuð úr 10 MW niður í 1 MW í báðum tilfellum.

Náttúrufræðistofnun telur þessa breytingartillögu skynsamlega og telur rökstuðning fyrir henni í greinargerð frumvarpsins góðan. Náttúrufræðistofnun er sammála því sem þar kemur fram að svokallaðar smávirkanir þ.e. virkanir undir 10 MW viðmiði, hafa og geta haft í för með sér veruleg og jafnvel óafturkræf umhverfisáhrif og að viðmið um stærðarmörk séu mælikvarði á framleiðslugetu virkjunar en séu ekki heppilegur mælikvarði um umfang umhverfisáhrifa hennar. Náttúrufræðistofnun fær reglulega til umsagnar mál þar sem áform um smávirkanir sem eru t.d. í ferli matskyldufyrirspurna, skipulags eða annarra leyfisveitinga. Töluvert er um virkjunaráform sem eru undir 10 MW viðmiðinu, oft rétt undir því, en við rýni sést að umhverfisáhrifin eru töluverð og ekki minni en hjá þekktum virkjunarkostum sem eru yfir viðmiðinu og fjallað er um á vettvangi verndar- og orkunýtingaráætlunar og eru háðir mati á umhverfisáhrifum. Breytingartillagan mun tryggja heildstæðari umfjöllun um þessa virkjunarkosti, sem ekki ná 10 MW viðmiðunum en geta leitt af sér umtalsverð umhverfisáhrif, með þeim stjórnsýslu- og faglegu rýniferlum sem felast í málsmeðferð verndar- og orkunýtingaráætlunar og umhverfismati framkvæmda.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

